

Mál nr. 171/2010

Viðar Austmann Jóhannsson

og

Vátryggingafélag Íslands hf. v/ málkostnaðartryggingar í fjölskyldutryggingu.

Ágreiningur um greiðslu úr málkostnaðartryggingu vegna kostnaðar við rekstur dómsmáls til heimtu launa sem voru talin vangoldin.

Gögn.

1. Málskot, mótttekið 2.6.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Vátryggingafélags Íslands hf., dags. 18.6.2010, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Málskotsaðili (hér eftir nefndur M) höfðaði dómsmál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur fyrrum vinnuveitanda sínum til heimtu launa sem hann taldi sér vangoldin. Kveður M kröfuna vera byggða á ógreiddri kjarasamningsbundinni launahækkun vegna ársins 2008, orlofsgreiðslu ofan á launahækkun, vangreiðslu vegna 25% lengingar orlofs sem hafi verið uppsafnað en ótekið og loks á bílapeningum fyrir ógreitt orlofstímabil.

M hefur krafist greiðslu kostnaðar vegna málarekstursins úr málkostnaðartryggingu sem hann hefur hjá Vátryggingafélagi Íslands hf. (hér eftir nefnt X). X hefur hafnað greiðsluskyldu úr vátryggingunni með vísan til greinar 25.5. í skilmálum þeim sem um vátrygginguna gilda. Samkvæmt því ákvæði bætir vátryggingin ekki málkostnað sem er í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur vátryggðs. M hefur ekki viljað fallast á afstöðu X og telur að fyrrgreint undanþáguákvæði eigi einungis við um dómsmál sem geta komið til ef tjóni er valdið með vinnu, en það sé of víðtæk túlkun að láta undanþáguna einnig ná til dómsmála vegna vangreiddra launa.

Álit.

Eins og að framan greinir bætir málkostnaðartryggingin ekki málkostnað sem er í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur vátryggðs, sbr. gr. 25.5. í viðkomandi vátryggingarskilmálum. Fram hjá því verður ekki litið að fyrrgreint dómsmál er til komið vegna starfa M hjá fyrrum vinnuveitanda sínum. Er málkostnaður vegna dómsmálsins í þeim tengslum við atvinnu M að á grundvelli téðs undanþáguákvæðis í skilmálunum fæst hann ekki bættur úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

Málkostnaðarkrafa M, Viðars Austmanns Jóhannssonar, bætist ekki úr málkostnaðartryggingu hans hjá X, Vátryggingafélagi Íslands hf.

Reykjavík, 29. júní 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.